

Alþingi - nefndasvið

Efni:

***Tillaga til þingsályktunar um fimm ára  
samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, 173.  
mál - umsögn Reykjavíkurborgar***

Á fundi borgarráðs þann 1. nóvember 2018 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. október 2018, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 31. október 2018 á umsögn samgöngustjóra um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 – 173. mál.

Borgarráð samþykkt umsögnina.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins:

Mikilvægt er að hlutur höfuðborgarsvæðisins í samgöngumálum sé réttur. Miðað við umsögn samgöngustjóra Reykjavíkurborgar, má ljóst vera að lítil innistæða er á bak við yfirlýsingu borgarstjóra frá 21. september sl. um að fjármögnun borgarlínu sé tryggð og að 80 milljarðar séu í höfn. Misvísandi skilaboð styrkja ekki stöðu borgarbúa gagnvart fjárveitingarvaldi ríkisins. Yfirlýsingar sem þessar geta spilt fyrir fjárveitingu mikilvægra framkvæmda og vekja auk þess væntingar og falsvonir.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna taka undir umsögn samgöngustjóra um Samgönguáætlun 2019-2033. Sama dag og samgönguáætlun 2019-2033 var lögð fram í drögum skrifuðu ríki og sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu undir sameiginlega viljayfirlýsingu þess efnis að tryggja fjármögnun Borgarlínu. Við leggjum mikla áherslu á að yfirlýstur vilji ríkisins skili sér inn í samgönguáætlun á seinni stigum.

Helga Björk Laxdal  
e.u.